

Námsvísir 2022-2023

7. bekkur

Námshæfni: Danska

Kennari: Ólöf Inga Stefánsdóttir



Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

Markmið / Hæfniviðmið

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunaproska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Í 7. bekk verður aðal markmiðið að vekja áhuga, hafa gaman og komast að því hvað íslenska og danska eiga margt sameiginlegt.

Hæfniviðmiðunum í tungumálanámi er skipt upp í þrjú stig í stað þess að þau miði við hæfni við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Gert er ráð fyrir að við lok grunnskóla hafi nemendur náð hæfni á 3. stigi.

Grunnþættir tungumála eru lesskilningur, ritun, hlustun og talað mál (frásögn og samskipti) en að auki er lögð áhersla á menningarlausni og námshæfni nemenda.

Unnið er eftir lykilhæfni og hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá grunnskóla: <https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafi-20>

Kennsluaðferð / vinnulag

Við munum vinna með ýmis verkefni og kynnast dönsku á sem fjölbreyttastan hátt í gegnum vinnubækur, áhorf og leiki. Leitast verður við að hafa kennsluna lifandi og skemmtilega og nemendum leyft að hafa áhrif á kennslustundir.

Námsmat

Öll vinna nemenda er metin, þátttaka í tímum sem og verkefnaskil.

Eftir hverja lotu er nemendum gefin umsögn og vonast er til að nemendur geti nýtt þá endurgjöf til að efla sig og bæta í námi.

Námsmatsskjali verður deilt með nemendum, foreldrum og forráðamönnum þar sem allir aðilar geta fylgst með námsmati og framvindu námsins yfir skólaárið.

Námshæfni

Start – Lesbók , vinnubók og leikjavefur

Dönsk tónlist

Ýmis forrit og annað ítarefni frá kennara

Annað sem samræmist hæfniviðmiðum og er til þess fallið að vekja og viðhalda áhuga